

## Yfirlýsing frá Félagi íslenskra stórkaupmanna (FÍS) og SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu (SVP)

Vegna umfjöllunar í Blaðinu 18.mars sl. um matvörumarkaðinn undir fyrirsögninni “Matvöruverslanir hirða gengishagnað af neytendum”, vilja samtökin lýsa því yfir að þau harna þennan málflutning, sem er í besta falli bjagaður og í versta falli ósannur.

Það er ljóst að mikil samkeppni ríkir á báðum sölustigum verslunar með matvörur á Íslandi og hún þrýstir á það að gengisbreytingar, hverjar sem þær eru, komi fram í verði verslunarfyrirtækja á báðum sölustigum. Þetta er ekki nýtt ástand heldur hefur það verið við lýði undanfarin misseri og ár. En það er fleira en gengi sem hefur áhrif á verð innfluttra matvæla. Verðbreytingar erlendis, breytingar á kostnaði við að koma vörunum á markað, birgðahaldskostnaður og síðan opinber gjöld, laun og annar rekstrarkostnaður þeirra fyrirtækja á báðum sölustigum sem annast verslun með matvörur. Það er því ekki ætíð auðvelt að bera saman verð á milli tímabila því margar breytur geta haft áhrif á niðurstöðurnar.


Þó að útgjöld heimilanna sem varið er til kaupa á matvörum lækki stöðugt sem hlutfall af heildarútgjöldum og sé nú um 14%, þá er þessi grein verslunar mikið í sviðsljósi fjölmiðla og þjóðfélagsumræðu. Ekki er nema allt gott um það að segja, en þeim mun brýnna er að umræðan sé málefnaleg og byggð á sem bestum upplýsingum um málið. Til að stuðla að þessu er Rannsóknarsetur verslunarinnar, sem rekið er í tengslum við Viðskiptaháskólann á Bifröst, nú að undirbúa reglulega útgáfu verðvísitölu fyrir matvöru þar sem bæði heildsöluverð og smásöluverð verða birt. Verðið miðast við meðalverð yfir ákveðið tímabil í stórum dráttum þannig að verðþróun í vöruflokknum kemur skýrt fram. Verð einstakra vörutegunda eða verslana verður ekki birt, enda þjónar þær upplýsingar ekki því markmiði að skoða verðþróun matvöru á Íslandi yfir lengri tímabil. Hins vegar verður hægt að skoða gengisþróun o.fl. í tengslum við umræddar vísitölur.

Félag íslenskra stórkaupmanna og SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu telja að með þessum hætti verði lagður grunnur að málefnalegri umræðu og skoðun á þróun matvöruverslunar á Íslandi.

Félag íslenskra stórkaupmanna

  
Pétur Björnsson

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu

  
Hrunn Rudolfsdóttir